

# Júni Pési

161.tbl. 13. Árgangur júní 2003  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410  
GSM.869-3094  
E-mail hruni@mmedia.is

## Ágætu lesendur!

Jæja þá er það júní Pésinn sem berst ykkur  
Í júlí er stefnt að því að blaðið komi út þann 17. júlí..  
og skilafrestur á efni er til 13. júlí

Ritstjóri

Frá sundlauginni á Flúðum.

### Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga	10:00-22:00
Laugard og sunnudaga	09:00-19:00

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

**Daglegar ferðir REYKJAVÍK –  
FLÚÐIR og nágr.**

**Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR  
ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: mánud - fimmtud. kl. 17.00  
og föstud. kl. 16.00.**

**Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson  
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana  
20 júní,  
4. júlí og 18. júlí.  
Pantið tímanlega.  
Tímarpantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

## Flúðaskóli auglýsir eftir skólaliða og starfsmanni í ræstingu

**Um er að ræða 85% starf skólaliða og 60% starf við ræstingu. Ráðið verður í báðar stöðurnar frá og með 15. ágúst 2003.**

**Allar nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 486 6601**

**Umsóknarfrestur er til 13. júní**

Stofnfundur félagsdeildar Norræna félagsins í uppsveitum Árnessýslu verður haldinn í Skálholtsskóla miðvikudagskvöldið 18. júní kl. 20.30

Markmið Norræna félagsins er að efla norrænt samstarf einkum í félags- menningar- og umhverfismálum.

Slíkt samstarf felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknum t.d. söngkóra, skólanemenda, íþróttahópa eða leiklistarhópa, og ekki síður sérhæfðra hópa svo sem garðyrkjubænda eða hestafólks. Eru þessvegna starfandi svonefndar vinabæjakeðjur sem auðvelda slík samskipti og halda þeim gangandi.

Þetta mun verða fyrsta félagsdeildin sem stofnuð er í dreifbýli og kallar það eftir nýju orðalagi, vinasveitarkeðjur við hlið keðja vinabæja !

Allt uppsveitarfólk er að sjálfsögðu velkomið á stofnfundinn til þess að móta þetta starf svo að það henti sem best aðstæðum héraðsins. Norræna félagið hefur tekið frumkvæðið um stofnun félagsdeildarinnar og skipað starfshóp með þátttöku úr öllum viðkomandi byggðalögum til að undirbúa stofnfundinn. Starfshópurinn hvetur sveitunga sína til þess að taka þátt í hinu gefandi og spennandi samstarfi við norræna frændur í vinabæja – og vinasveitakeðjum !

Undirbúningsnefndin.

Laugardaginn 14. júní næstkomandi kl. 10:00 er meiningin að opna verslun okkar eftir gagngerar breytingar innandyra. Verslunargólfíð hefur verið stækkað talsvert og vöruúrval mun aukast. Verslunin mun heita “ Strax “. Strax verslanir eru á Akureyri, í Kópavogi, á Mývatni og Húsavík og eru þær allar dæmigerðar hverfaverslanir sem leggja höfuðáherslu á almenna matvöru hentugan afgreiðslutíma og þjónustu við viðskiptavinum. Afgreiðslutími verslunarinnar frá 14. júní - 31. ágúst næstkomandi verður eftirfarandi:

Mánudagar – föstudaga	09:00 – 22:00
Laugardaga	10:00 – 22:00
Sunnudaga	10:00 – 20:00

Framkvæmdum er reyndar ekki lokið. Með haustinu er áætlað að byggja yfir húsið vestanvert, þar sem nýr inngangur í verslunina er. Þar mun verða aðstaða til þess að setjast niður við borð og fá sér kaffisopa. Þá er einnig meiningin að útbúa salernisaðstöðu í kjallaranum til þess að koma á mótis við þá fjölmörgu ferðamenn sem heimsækja Flúðir og staldra við á svæðinu.

Helstu verktakar sem komið hafa að verkefninu eru :

Smíðir:	Smári Vignisson og Harrí Kjartansson
Rafvirkjar:	Kristinn Ásmundsson
Málari:	Heimir Gunnarsson
Kælimenn	Baldur Geirmundsson
Pípari:	Skúli Guðmundsson

Allir hafa þeir staðið sig með afbrigðum vel og kann Samkaup þeim kærar þakkir fyrir dugnað og vel unnin störf.

Þá erum við ákaflega þakklátir viðskiptavinum okkar fyrir að sýna þolinmæði á meðan á framkvæmdum hefur staðið.

Starfsfólk verslunarinnar hefur líka þurft að sætta sig við afleit vinnuskilyrði og erfiðar aðstæður. Starfsfólkið hefur sýnt frábæran samhug og velvilja og á mikið hrós skilið.

Skúli Skúlason starfsmannastjóri Samkaupa hf sími 896-0671

## ***Afgreiðslutími Verslunarinnar Strax.***

***Frá 14 júní til 31. ágúst:***

***Mánudaga - föstudaga 09:00-22:00***

***Laugardaga 10:00-22:00***

***Sunnudaga 10:00-20:00***

Frá bókasafninu.

Vegna sumarfrís er bókasafnið lokað  
16 - 20 júní.

Vikurnar 23-27 júní og 30-04 júlí  
er aðeins opið miðvikudagana  
25 júní og 02 júlí frá kl 16:30-18:00

Frá 7.júlí er opið á hefðbundnum sumartíma,  
mánudaga 20-21 og miðvikudaga 16-18

Í fjarveru bókavarðar er hægt að skila bókum á  
hreppskrifstofuna.

## ATVINNA ÓSKAST!!

16 ára strákur óskar eftir vinnu í sumar.

Upplýsingar í síma 848-7711 eða 486-6755

Magnús

## Íbúð til leigu

Fjögurra herbergja íbúð er til leigu. Laus strax.

Upplýsingar í síma 486 6639.

## Kvennareiðtúr 19. júní.

Hinn árvissi kvennareiðtúr, verður með örlítið öðru sniði í ár.

Nú hafa Gnúpverjakonur boðið okkur að grilla með sér í Ásbrekku og höfum við þekkt það boð.

Lagt verður af stað frá Flúðum kl. 16:30, riðið niður að Hrepphólum, yfir Stóru Laxá og að Ásbrekku.

Þar er áætlað að grilla um kl. 18:30.

"Veislubjónusta úr bænum" sér um grillið og er kostnaður 2200. kr.

Riðið verður til baka upp með Galtafelli að Sólheimum og þaðan sem leið liggur heim.

**Þátttaka tilkynnist fyrir 16.júní** til Möggu í síma:

486-6745 / 849-0546

Svanhildur og Magga

## Skeljasandur!

Tek að mér að útvega harpaðan skeljasand í Árnassýslu í lausu og í stórsekkjum!

25 tonn af lausum sandi í ferð.

Frá 1. tonni og allt upp í 25 tonn í stórsekkjum. Innifalið í verðinu er skeljasandur, stórsekkur og flutningur ( án vsk ).

<u>Hreppar</u>	<u>Í lausu</u>	<u>Í sekkjum.</u>
Uppsveitir	1.912	2.822
Skeið	1.756	2.628
Lágsveitir	1.652	2.492
Grímsnes	1.600	2.424

Nánari upplýsingar gefur Pálmar Þorgeirsson hjá **Flúðaleið ehf.** á Flúðum.

Í síma 486-6685

Farsími. 892-2370

Fax. 486-6693

Netfang. [Fludal@binet.is](mailto:Fludal@binet.is)

Athygli er vakin á því að 40% af kaupverði skeljasands ( kalks ) og flutnings á honum fæst endurgreitt skv. reikningi, hafi menn sótt um umsóknarblað vegna jarðabóta 2003 sl. haust.

Fyrir liggja tveir kaupsamningar dags. 5.maí 2003 þar sem Jóna Sólveig Ólafsdóttir selur Olúfufélaginu ehf. íbúðarhúsið Grund og hesthúsið Grund annarsvegar og hinsvegar verslunarhúsið Grund ásamt lóðarréttindum. Hreppsnefnd er sammála um að hafna forkaupsrétti.

#### **5.Heimild til lántöku.**

Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna tveggja lána sem sjóðurinn hefur veitt sveitarfélaginu. Annarsvegar 15 milljóna lán vegna skuldbreytinga (lánið er í ísl. kr. til 15 ára , breytilegir vextir nú 4.5%) hinsvegar 15 milljóna króna nýtt lán (lánið er í ísl kr. fastir vextir 5.32% til 15 ára.). Hreppsnefnd samþykkir lántökuna og jafnframt umboð til oddvita að ganga frá lántökunni.

#### **6. Fundargerðir ferðamálanefndar frá 26/2, 28/4 og 4/5 2003.**

Varðandi lið 1.í fundargerð frá 4/5 samþykkir sveitarstjórn tillögur ferðamálanefndar um úrbætur á gönguleiðum á Miðfell og Högnastaðaás og felur oddvita að ræða við form. nefndarinnar um framkvæmd úrbótanna.

Varðandi lið 2 í fundargerð frá 4/5 um gönguleiðakort samþykkir hreppsnefnd að fela ferðamálanefnd að gera slíkt kort.

#### **7.Fundargerðir fræðslunefndar frá 7/4 og 5/5 2003.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

#### **8.Fundargerð fræðslunefndar (leikskóli) frá 27/5 2003**

Samkvæmt lið 3. starfsmannamál og sbr lið 4. í fundargerð fræðslunefndar frá 25 /3 er fjallað um nauðsyn þess að segja upp öllu starfsfólki leikskólans vegna skipulagsbreytinga við flutning í nýjan leikskóla. Hreppsnefnd er sammála því að segja öllum starfsmönnum leikskólans upp störfum frá og með næstu mánaðarmótum. Hreppsnefnd felur oddvita að ganga frá uppsagnarbréfunum.

Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram.

#### **9.Fundargerð veitustjórnar frá 5/5 2003.**

Varðandi lið 1. um sameiningu veitna í “Suðurorku” er hreppsnefnd sammála niðurstöðu veitustjórnar þess

Árið 2003, 28 . maí kl.14.00 hófst fundur í hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn ; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Borgþór Vignisson og Unnar Gíslason.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **1.Bréf frá Birni Kjartanssuni dags. 12.05 2003.**

Þar óskar undirritaður, Björn Kjartansson eftir tímabundnu leyfi frá störfum í hreppsnefnd Hrunamannahrepps til 1. nóv. 2003 vegna atvinnu sinnar erlendis. Sæti hans tekur fyrsti varamaður Unnar Gíslason eða annar varamaður Borgþór Vignisson. Samþykkt athugasemdalaust.

#### **2.Ársreikningur Hrunamannahrepps –fyrri umræða.**

Á fundinn mætti Einar Sveinbjörnsson löggiltur endurskoðandi Hrunamannahrepps. Gerði hann grein fyrir ársreikningnum og skýrði hann.

#### **3.Skipan í embætti ruslamálaráðherra.**

Samþykkt að skipa Bjarna Sverrisson Norðurhafi 6, ruslamálaráðherra 2003. Hreppsnefnd leggur til að hreinsunardagur verði 6. júní.

#### **4.Kaupsamningar –forkaupsréttur Unnarholt, og Grund.**

Fyrir liggja kaupsamningar dags. 20.05 2003 þar sem Anna May Carlson og Guðjón Traustason selja Jóninu Björg Kristinsdóttur og Karli Jónssyni jörðina Unnarholt. Hreppsnefnd er sammála að hafna forkaupsrétti.

efnis að skrifa ekki undir viljayfirlýsinguna að svo komnu máli.

Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram.

**10.Fundargerð bygginganefndar frá 20/5 2003.**

Fundargerðin samþykkt.

**11.Fundargerð oddvitaráðs frá 6/5 2003**

Varðandi lið 1. eru lögð fram drög að samningi og erindisbréfi fyrir embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti drögin.

Varðandi lið 3. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugaráss í Bláskógabyggð milli Bláskógabyggðar og hinna sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu.

Hreppsnefnd samþykkir samninginn.

**12.Fundargerðir 6,7,8 og 9 verkfunda vegna byggingar miðlunargeymis í Langholtsfjalli.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**13.Fundargerð 23. verkfundar nýbyggingar leikskóla.**

Fundargerðin lögð fram.

**14.Bréf frá Hrund Harðardóttur dags. 2/5 2003.**

Í bréfinu kemur fram að hún óskar eftir ótímabundnu leyfi frá störfum í íþróttá-og æskulýðsnefnd frá og með 2. maí.2003. Varamaður hennar er Elin Hannibalsdóttir.

Hreppsnefnd samþykkir erindið.

15.Bréf frá 54 notendum tækjasals íþróttahúss ódagsett.

Í bréfinu er skorað á hreppsnefnd að færa tækjasalinn niður í núverandi leikskólarými, þegar leikskólinn flytur

Hreppsnefnd er sammála um að skoða málið þegar fram fer endurskoðun á heildarúttekt á húsnaðisþörf grunnskólans.

**16.Bréf undirritað af 9 fulltrúum A-listans dags. 13/5 2003.**

Trúnaðarmál.

Fundargerð upplasin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðir. Fundargerð samþykkt, fundi slitið 18.30

Oddviti

Árið 2003, 4. júní kl. 20.30 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6. Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Borgþór Vignisson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

**Sólveig Pétursdóttir félagsmálasjóri, kynning.**

Oddviti bauð Sólveigu velkomna á fund sveitarstjórnar. Sólveig fór yfir starfsemi félagsmálanefndar og félagsmálastjóra.

**Ársreikningur Hrunamannahrepps 2002- seinni umræða.**

Seinni umræða um reikning Hrunamannahrepps 2002 og reikningurinn síðan undirritaður.

**Fundargerð veitustjórnar frá 2/6 2003.**

Varðandi lið 6. Samþykkir sveitarstjórn tillögu veitustjórnar þess efnis að semja við verktakafyrirtækið Fögrusteina ehf. að leggja stofnlagnir vatnsveitu frá S-Langholti að Sóleyjarbakka. Eiríkur Ágústsson lýsti yfir vanhæfi sínu og vék af fundi undir þessum lið.

Að öðru leiti var fundargerðin lögð fram.

**Ársreikningur Hítaveitu Flúða og nágrennis 2002.**

Reikningurinn samþykktur.

**Samstarfssamningur eignaraðila Félagsheimilis Hrunamannahrepps.**

Lögð fram drög að samningi milli eignaraðila Félagsheimilis Hrunamannahr. um rekstur félagsheimilisins.

Hreppsnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leiti með áorðnum breytingum.

### **Samstarfs- og þjónustusamningur við Björgunarfélagið Eyvind.**

Lögð fram drög að samningi milli Hrunamannahrepps og Björgunarfélagsins Eyvindar.

Hreppsnefnd samþykkir drögin með áorðnum breytingum og felur oddvita að ganga frá samningnum við Björgunarfélagið Eyvind.

### **Fundargerðir Æskulýðs- og íþróttanefndar frá 6/2, 7/4, 6/5 og 28/5 2003.**

Varðandi lið 1. í 4. fundi ársins frá 7/4 er oddvita falið að ganga frá samningi við UMFH um sumarstarf ungmennafélagsins.

Að öðru leiti eru fundargerðirnar lagðar fram.

### **Fundargerð Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands frá 9/5.**

Fundargerðin lögð fram.

### **Fundargerð stjórnar SASS nr 365 og 366.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

### **Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr 55 frá 21/5.**

Fundargerðin lögð fram.

### **Fundargerðir Skólaskrifstofu Suðurlands nr 64 og 65.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

### **Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr 104. frá 19 /5.**

Fundargerðin lögð fram.

### **Bréf frá Og fjarskipti dags. 25/3 2003**

Þar kemur fram beiðni um lóð á Högnastaðaás fyrir fjarskiptastöð. Erindinu vísað til USU-nefndar.

### **Bréf frá Erni Einarssyni dags.1/6 2003.**

Þar sem hann sækir um leyfi um afnot af landspildu sem skilgreint er sem grænt svæði í deiluskipulagi iðnaðarlóða sunnan við Sneiðina 5.

Hreppsnefnd samþykkir erindið og felur oddvita að ganga til samninga við Örn Einarsson f.h. Græns-Lands.

### **Bréf frá Orlofi Húsmæðra dags 11/5 2003.**

Lagt fram.

### **Vorfundur Héraðsnefndar Árnessýslu.**

Samþykkt að Eiríkur Ágústsson verði fulltrúi Sveitarfélagsins á fundinum.

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl.00.15.

Oddviti.

## **Upplýsingamiðlun**

Hrunakarlinn í þeirri mynd sem hann hefur birst undanfarin ár hefur nú runnið sitt skeið, hann var efnilegt barn síns tíma en nú hefur verið ákveðið af útgefendum að aðrir miðlar muni leysa karlinn af hólmi. Þeir miðlar eru Pésinn, Plakat, Internetið og dreifibréf eftir þörfum. Pésinn er mjög góður vettvangur fyrir upplýsingar um þjónustu og viðburði.og mun í framtíðinni liggja frammi á ferðapjónustustöðum á Flúðum og nágrenni.

Þjónustuaðilar og aðrir sem standa fyrir viðburðum eru hvattir til að nýta sér heimasíðuna [www.fludir.is](http://www.fludir.is) Þar er nú kominn þjónustulisti, en allar viðbótarupplýsingar eru vel þegnar.

Plakat um Flúðir og nágrenni mun koma út á næstu dögum ásamt dreifibréfi (Hrunakarli) fyrir júní. En eftir það er fólki vísað á Pésann með allar upplýsingar.

Einnig er nauðsynlegt að láta upplýsingar um alla viðburði sem á að kynna berast til upplýsingamiðstöðvar Suðurlands [tourinfo@hveragerdi.is](mailto:tourinfo@hveragerdi.is) og /eða ferðamálafulltrúa. Þá fara þeir m.a. inn á viðburðadagatalið á netinu [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

Með sumarkveðju

ferðamálafultrúi



					Sprengjan	1.200	1.500	2.050	2.400
					Nautahakk, skinka, pepperoni, ananas, tómatar, paprika og laukur				
						9"	12"	16"	18"
					Örninn	1.200	1.500	2.050	2.400
					Skinka, nautahakk, sveppir, tómatar, ananas, oreganó, piparkrydd og extra-ostur				
						9"	12"	16"	18"
					Litla-Laxá	1.000	1.300	1.750	2.200
					Rækjur, túnfiskur og kræklingur				
						9"	12"	16"	18"
					Bönker	1.100	1.500	2.050	2.400
					Camembert, piparostur, extra-ostur og piparkrydd. Rifsberjahlaup fylgir.				
						9"	12"	16"	18"
Pizzur í Kaffi-Seli					Teigur	1.000	1.200	1.650	2.000
	9"	12"	16"	18"	Hvítlauksolía, sveppir, tómatar, Camembert og sítrónupipar				
Hola í höggi	1.000	1.400	1.750	2.100		9"	12"	16"	18"
Pepperoni, sveppir, laukur og grænar ólífur					Undir pari	1.000	1.200	1.550	1.900
	9"	12"	16"	18"	Sveppir, tómatar, laukur og paprika				
Bördí	1.000	1.400	1.750	2.100				9"	12"
Skinka, ananas og extra-ostur					16"	18"			
	9"	12"	16"	18"	Margarita / Hvítlauksbrauð			700	900
Grínið	1.000	1.400	1.750	2.100	1.100	1.300			
Nautahakk, sveppir og paprika					Sósa og ostur / Hvítlauksolía og ostur				
	9"	12"	16"	18"		9"	12"	16"	18"
Tí-ið	1.100	1.400	1.850	2.200	Aukaálegg	200	250	300	350
Skinka, laukur, sveppir, paprika tómatar, grænar ólífur, ananas og piparkrydd									
	9"	12"	16"	18"	NÝTT	9"	12"	16"	18"
Röffið	1.000	1.400	1.750	2.100	Albatros	1.000	1.400	1.750	2.100
Extra-pepperoni, ferskur chili-pipar, laukur og pipar									
	9"	12"	16"	18"					

Heilsuþotn, sólþurkaðirtómatar,  
svartar ólífur, rauðlaukur, fetaostur

NÝTT

Kjúklingahamborgari 750.-

## **GOLFNÁMSSKEIÐ.**

Golfnámsskeið verður í boði fyrir börn og unglinga dagana 16, 18, 19, 20 júní frá 17:00- 19:00 og er fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. Þátttökugjald er 3000, frítt fyrir þá sem eru í klúbbnúm. Æfð verða styttri og lengri högg og farið verður yfir umgengnisreglur á vellinum. Hvet ég sem flesta til að mæta.

Einnig hef ég í huga að hafa eldri borgaranámsskeið dagana 16, 18, 19, 20 júní frá 10:00- 11:00. Þátttökugjald er 3000. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í golfskálann 4866454.

**Formaður unglínganefndar**

Halldóra Halldórsdóttir

Frá eldri borgurum í Hrunamannahreppi.

Áður auglýst skemmtiferð verður farin 24. júní.  
Lagt verður af stað frá Flúðum kl 10:00 og ekið

sem leið liggur norður í land.

Hafið góða skapið með ykkur og reynum að gera ferðina sem ánægjulegasta.

Með sumarkveðjum  
Stjórnin

**Íbúð til leigu**

Fjögurra herbergja íbúð er til leigu. Laus strax.  
Upplýsingar í síma 486 6639.